

Efni: 4/2008 SÍP

Aðalfundur 28. maí 2008 / fundarstaður: NMÍ, austurhúsi, Keldnaholti

Mættir	Fundarmenn
	Aðalsteinn Arnbjörnsson
	Gunnar Ólafsson
	Þorbjörg Hólmgeirsdóttir
Forföll	Heiða Pálmadóttir
	Elísabet Sólbergadóttir
	Jón Smári Sigursteinsson
	Stefán Björnsson

Nr.	Fundarefni
1	<p>Skýrsla formanns</p> <ul style="list-style-type: none"> AA lagði fram skýrslu um starfsemi SÍP á liðnu starfsári, sjá hjálagða ársskýrslu stjórnar. Umræður voru um staðla, kröfur og samræmismat en þessi atriði brenna mjög á þeim sem reka prófunarstofur, bæði hér á Íslandi og erlendis. Þessi málefni ásamt faggildingu eru á meðal þess sem brenna einna heitast á aðildarfélögum Eurolab. Einnig var bent á að of algengt er að kennsla sé ekki í takt við þær kröfur sem gerðar eru í stöðlum. ES greindi frá aðalfundi Eurochem sem er nýlokið. AA óskaði eftir skriflegri greinargerð um þann fund.
2	<p>Reikningar liðins árs</p> <p>ES lagi fram endurskoðaða reikninga liðins starfsárs og voru þeir samþykktir samhljóða.</p>
3	<p>Félagsgjöld</p> <ul style="list-style-type: none"> Lögð var fram tillaga stjórnar um hækkun félagsgjalda í 40 þúsund kr. en félagsgjöldin hafa verið óbreytt í áráðir á sama tíma og fækkað hefur í SÍP vegna samruna stofnana. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarmenn létu í ljós ósk um að fá síðasta fréttabréf SÍP, AA sendir það.
4	<p>Kjör formanns</p> <ul style="list-style-type: none"> AA gaf kost á sér til endurkjörs og var það samþykkt samhljóða.
5	<p>Kjör annarra stjórnarmanna og endurskoðanda</p> <ul style="list-style-type: none"> Sitjandi stjórn gaf kost á sér til endurkjörs og var það samþykkt samhljóða. Endurskoðandi var ekki kjörinn en nýkjörin stjórn mun leita til Maríu Sólbergadóttur um að hún gefi áfram kost á sér.
6	<p>Lagabreytingar</p> <ul style="list-style-type: none"> Fyrir fundinum lá tillaga að lagabreytingum. Umræður urðu um markmið SÍP, m.a. hverjir eru hagsmunir prófunarstofa: <ul style="list-style-type: none"> Tengjast t.d. faggildingu og hvernig hægt er að halda kostnaði í lágmarki. Samræmingu í prófunaraðferðum til að auka traust viðskiptavina. Hvernig hægt er að viðhalda gæðum og þekkingu án þess að það hleypi kostnaði upp úr öllu valdi. Að SÍP gæti hagsmuna félagsmanna varðandi reglugerðir og það umhverfi. Samskipti og upplýsingamiðlun eru í gegn um Evrópu og evrópskar prófunarstofur (Eurolab, Eurochem) og þaðan í alþjóðlegt umhverfi. Breytingar á lögum voru samþykktar samhljóða.
7	<p>Önnur mál</p> <ul style="list-style-type: none"> ES greindi frá því að óskað hefur verið eftir því að ársfundur Eurochem árið 2010 verði haldinn hér á landi. Ársfundir Eurochem hafa að öllu jöfnu ekki verið fjölsóttir af Íslendingum og oft ekki sóttir nema annað hvert ár. Nauðsynlegt er að hafa fjársterkan bakhjarl fyrir svona ársfundi og mikil vinna liggur í skipulagningu og undirbúningi. Í umræðum kom fram að fundarmönnum þótti meiri ástæða til að auka virkni okkar í Eurochem á annan hátt, t.d. með því að sækja fundina oft og senda fleiri héðan fremur en að halda ársfundinn hér.
8	<p>Næsti fundur</p> <ul style="list-style-type: none"> Stefnt er að því að næsti fundur verði 25. ágúst eða þar um bil, nánar boðað síðar.

þó skráði

Hjálagt:

Ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2007-2008